

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. apríl 2014
Tilvísun: UST20140300091/ksj

Tillaga að deiliskipulagi frístundalóða í landi Villingavatns í Grafningi


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs er barst 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fjögurra frístundalóða í landi Villingavatns í Grafningi.


Náttúruminjar og vatnasvið Þingvallavatns

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Grímsnes og Grafningshrepp 2008 - 2020. Lóðirnar eru ekki staðsettar á svæði á náttúruminjasrá, og er landið þar sem lóðirnar eru áætlaðar, flatur, sendinn mói. Deiliskipulagstillagan staðsetur frístundalóðirnar innan vatnasviðs Þingvallavatns og er gert ráð fyrir meir en tveggja þrepa hreinsun frárennslis á svæðinu. Stofnuninni hafa borist tvær tillögur, sú fyrri sýndi hreinsivirki vatnsmegin við frístundalóðir. Síðan hefur borist nýr uppdráttur þar sem hreinsivirki er sýnt fyrir sunnan frístundalóðir. Umhverfisstofnun tekur undir þá breytingu. Deiliskipulagstillagan sýnir lóðirnar í 100 m fjarlægð frá strönd Þingvallavatns.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun